

- 70** 6. flokkur: Minnsta gjald kr. 2.00 fyrir hvert stykki, þótt vörur flokkaðar undir
26. júní brottfluttar vörur flytjist til staðarins, eða vörur flokkaðar undir að-
fluttar vörur flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið.
Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli,
ákveður hafnarnefnd.

5. gr.

Á eftir 29. grein reglugerðarinnar, sem verður 30. grein, bætist ný grein, sem verður 31. grein og greinatala reglugerðarinnar breytist til samræmis við það:

Greiða skal aflagjald til hafnarinnar, af afla sem landað er á hafnarsvæðinu, kr. 0.40 fyrir hver 100 kg af síld og öðrum fiski. Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað, og ber eigandi skips eða umboðsmaður hans, ábyrgð á greiðslu þess. Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips í hvert sinn.

Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla aflamagnið og innheimta aflagjald samkvæmt þeirri áætlun.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar til aflagjöld eru að fullu greidd. Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjöld heimabáta.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

71

REGLUGERÐ

29. júní

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Bíldudalskaupþún, nr. 177 19. sept. 1947.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skip, sem eru eign manna búsettra við hafnarsvæðið eða skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári 3 krónur á brúttó rúmlest, þó aldrei minna en kr. 50.00 á ári, með gjalddaga 1. júlí ár hvert. Fiskiskip, sem skrásett eru utan hafnarsvæðis greiða 80 aura af hverri brúttó rúmlest í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar, þó ekki oftari en fimm sinnum á ári hverju, þó þau komi oftari til hafnarinnar. Innland strandferðaskip greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Bíldudalshöfn, 100 aura af brúttó rúmlest hverri í hafnargjald, en ekkert þótt þau komi aftur á sama ári.

Önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiða 20 aura af hverri brúttó rúmlest í hvert sinn, sem þau koma á Bíldudalshöfn, sbr. þó 19. gr.

2. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir skip, sem lagt er við föst legufæri á höfninni, skal greiða árlega, sem hér segir: Ef þau eiga heima á Bíldudal, og eru að öllu leyti í eigu manna búsettra við hafnarsvæðið, skal greiða fyrir opna báta kr. 10.00, vélbáta með þilfari kr. 20.00, og stærri skip kr. 30.00 á ári.

Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.